

Nefndasvið Alþingis
B.t. atvinnuveganefndar

Reykjavík, 24. október 2023

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna banns við hvalveiðum, sbr. 99. mál á 154. löggjafarþingi. Með frumvarpinu er fyrirhugað er að gera hvalveiðar óheimilar með því að fella brott lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, og færa hvali undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Samtökin benda á að það hefur verið stefna samtakanna um langa hríð að nýta beri sjávarauðlindir við Ísland á grundvelli sjálfbærni, skýrrar löggjafar, að veiðar byggji á vísindalegum grunni, þær lúti eftirliti og séu í samræmi við alþjóðalög. Stefna íslenskra stjórnvalda hefur verið sú sama í þessum efnum.

Veiðar á hvölum falla hér undir og hefur stefna Íslands í hvalveiðimálum byggst á því að viðhalda rétti til að nýta hvalastofna við landið með sjálfbærum hætti. Samtökin styðja þá stefnu og í ljósi ríkra hagsmuna af sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins er mikilvægt að standa gegn því að grafið verði undan meginreglunni um sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins sem byggð er á vísindalegri ráðgjöf. Með frumvarpi þessu er ætlunin að hverfa frá þessari meginstefnu Íslands út frá tilfinningum og skammtíma-hagsmunum með því að leggja til bann við hvalveiðum. Samtökin gjalda því sérstakan varhug við þeim breytingum sem hér eru lagðar til og eru mótfallin því að frumvarpið nái fram að ganga.

Til viðbótar verður að nefna að á umliðnum árum hefur hvölum fjölgað stórlega á Íslandsmiðum og hefur fjölgun hvala meðal annars gert fiskiskipum erfitt um vik við fiskveiðar. Bent skal á að hvalveiðar Íslendinga á umliðnum árum hafa verið langt undir ráðgjöf og því ólíklegt veiðar hafi haft teljanleg áhrif á stofnstærð hvala og þar með afrán þeirra. Fjölgun hvala hefur vissulega áhrif á fiskistofna og ljóst er að afrán hvala á mikilvægum tegundum, svo sem loðnu og þorski, er umtalsvert. Betri gögn um stærð hvalastofna í seinni tíð benda almennt til meira afráns en áður hefur verið áætlað. Mikil þörf er á að rannsaka afrán hvala enn betur, en þó má ætla að áframhaldandi hvalveiðar á grundvelli sjálfbærni og vísindalegrar ráðgjafar muni meðal annars geta minnkað afrán og tryggt betur jafnvægi í vistfræðilegu samspili hvala- og fiskistofna.

Samtökin lýsa sig reiðubúin til að mæta á fund atvinnuveganefndar sé þess óskað og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

F.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

